

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 33/2001**

**frá 30. mars 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/1999 frá 17. desember 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/253/EB frá 12. apríl 1999 um verndarráðstafanir vegna tiltekinnna fiskaferða sem koma frá eða eru upprunnar í Keníu og Tansaníu<sup>(2)</sup>, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 99, 14.4.1999, bls. 31, skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/302/EB frá 30. apríl 1999 um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinnna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/518/EB frá 28. júlí 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinnna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/609/EB frá 10. september 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinnna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 97/78/EB<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 206.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 98, 13.4.1999, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 117, 5.5.1999, bls. 58.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 50.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 242, 14.9.1999, bls. 28.

- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/766/EB frá 28. júlí 1999 um tiltekna verndarráðstafanir vegna smitandi blóðleysis í laxfiskum í Noregi<sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/127/EB frá 31. janúar 2000 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/253/EB um verndarráðstafanir vegna tiltekinnna fiskafurða sem koma frá eða eru upprunnar í Keníu og Tansaníu og um breytingu á heilbrigðisvottun fiskafurða sem eru upprunnar í eða sendar áfram frá Tansaníu<sup>(7)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 8) Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### *1. gr.*

I. kafla I. viðauka við EES-samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa ákvörðun.

##### *2. gr.*

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/253/EB, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 99, 14.4.1999, bls. 31, 1999/302/EB, 1999/518/EB, 1999/609/EB, 1999/766/EB og 2000/127/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

##### *3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni<sup>(\*)</sup>.

---

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 302, 25.11.1999, bls. 23.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 36, 11.2.2000, bls. 43.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

**VIÐAUKI**  
**við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2001**

I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB) í hluta 1.2:

- „- **399 D 0302:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/302/EB frá 30. apríl 1999 (Stjtið. EB L 117, 5.5.1999, bls. 58),
- **399 D 0518:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/518/EB frá 28. júlí 1999 (Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 50),
- **399 D 0609:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/609/EB frá 10. september 1999 (Stjtið. EB L 242, 14.9.1999, bls. 28).“

2. Eftirfarandi liðir komi aftan við 88. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/208/EB) í hluta 1.2:

- „89. **399 D 0253:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/253/EB frá 12. apríl 1999 um verndarráðstafanir vegna tiltekinna fiskafurða sem koma frá eða eru upprunnar í Keníu og Tansaníu (Stjtið. EB L 98, 13.4.1999, bls. 15), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 99, 14.4.1999, bls. 31, eins og henni var breytt með:
- **32000 D 0127:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/127/EB frá 31. janúar 2000 (Stjtið. EB L 36.11.2.2000, bls. 43).

Þessi gerð gildir einnig um Ísland.

90. **399 D 0766:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/766/EB frá 28. júlí 1999 um tilteknar verndarráðstafanir vegna smitandi blóðleysis í laxfiskum í Noregi (Stjtið. EB L 302, 25.11.1999, bls. 23).

Þessi gerð gildir einnig um Ísland.“